

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um ákvörðun ráðherra um frjálssar veiðar á úthafs-  
rækju.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hver eru viðbrögð ráðherra við álitamálum um lögmæti ákvörðunar hans um að gefa ekki út heildarafla úthafs-rækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 með reglugerð og gefa þannig veiðar á úthafs-rækju frjálssar, í ljósi minnisblaðs Ástráðs Haraldssonar hrl., dags. 9. júlí 2009, og álitsgerðar Karls Axelssonar hrl. og dósentis í lagadeild Háskóla Íslands, dags. 26. ágúst 2010?
2. Hyggst ráðherra takmarka eða stöðva veiðar á úthafs-rækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 þegar veidd hafa verið 7.000 tonn eða meira, til samræmis við mat Hafrannsóknastofnunarinnar á veiðiþoli úthafs-rækjustofnsins?
3. Telur ráðherra að frjálssar veiðar á úthafs-rækju geti talist sjálfbærar og ef svo er, hvaða rök búa að baki þeirri skoðun hans?
4. Telur ráðherra að frjálssar veiðar á úthafs-rækju séu líklegar til að hámarka arðsemi af slíkum veiðum?
5. Hvernig samræmist ákvörðun ráðherra um frjálssar veiðar á úthafs-rækju á fiskveiðiárinu 2010/2011 stefnu ríkisstjórnarinnar um umgengi um auðlindir sjávar?

Skriflegt svar óskast.

